

## ÁKVÖRÐUN FJÁRMÁLAÆFTIRLITSINS

### um ráðstöfun skuldbindinga

**Straums – Burðaráss fjárfestingabanka hf., kt. 701086-1399, til Íslandsbanka hf., kt. 491008-0160, o.fl.**

Samkvæmt heimild í 100. gr. a. í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr rikissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., tekur Fjármálaeftirlitið eftirfarandi ákvörðun um ráðstöfun skuldbindinga Straums - Burðaráss fjárfestingabanka hf:

#### FORSENDUR:

Vegna yfirvofandi og alvarlegs lausafjárskorts Straums – Burðaráss fjárfestingabanka hf. tók Fjármálaeftirlitið ákvörðun þann 9. mars 2009 um að taka yfir vald hluthafafundar bankans og víkja félagsstjórn í heild sinni frá störfum. Fjármálaeftirlitið skipaði jafnframt skilanefnd sem tók við öllum heimildum stjórnar félagsins samkvæmt ákvæðum laga um hlutafélög nr. 2/1995, í samræmi við 100. gr. a laga um fjármálafyrirtæki. Hlutverk skilanefndar var að fara með öll málefni félagsins, þar á meðal að hafa umsjón með allri meðferð eigna bankans, svo og að annast annan rekstur hans. Skilanefnd var jafnframt falið að fylgja ákvörðunum Fjármálaeftirlitisins á grundvelli 100. gr. a. laga um fjármálafyrirtæki og starfa í samráði við Fjármálaeftirlitið. Í framhaldinu hefur skilanefnd aflað gagna um stöðu innlána og greint Fjármálaeftirlitinu frá niðurstöðum sínum. Fram hefur komið að heildarfjárhæð innlána hjá Straumi nemi u.þ.b. 70 milljörðum króna.

Frá því að Fjármálaeftirlitið tók ákvörðun sína þann 9. mars sl. hefur skilanefnd haft samráð við stærstu kröfuhafa bankans og hafa þeir lýst yfir áhuga sínum á því að koma frekar að málefnum bankans, að lokinni nánari skoðun á eignum og skuldbindingum. Eftir samráð við skilanefnd, Seðlabanka Íslands, fjármálaráðuneytið og áðurnefnda kröfuhafa hefur því verið ákveðið að ráðstafa innstæðuskuldbindingum bankans til annars banka í því skyni að tryggja aðgang innstæðueigenda að fjármunum sínum, en að Straumur – Burðarás fjárfestingabanki hf. gefi á móti út skuldabréf sem tryggt verður með veði í öllum eignum hans, sem endurgjald fyrir yfirtöku umræddra skuldbindinga. Er talið að þessi framkvæmd tryggi best hagsmuni allra hlutaðeigandi og stuðli að því að eignir bankans rými sem minnst. Jafnframt gefst þá almennum kröfuhöfum kostur á að gæta hagsmuna sinna við áframhaldandi rekstur bankans, með breytingum á lánaskilmálum, hlutafjárframlagi eða öðrum hætti.

Við nánari skoðun á innlánnum bankans hefur verið upplýst að talsverðan hluta umræddra innlána megi rekja til þess að skuldbindingum bankans sem áður voru í formi skuldabréfa og sambærilegra skuldaviðurkenninga var breytt í innlán með þeim hætti að skuldabréfin voru greidd upp og innlán stofnuð í staðinn. Í flestum tilvikum átti þetta sér stað fyrir upphaflegan gjalddaga viðkomandi skuldaskjala. Af þeim sökum hefur Fjármálaeftirlitið aflað sér álitis á því hvort um sé að ræða gerninga sem kunni að vera riftanlegir við gjaldþrot eða nauðasamning. Í fyrirliggjandi lögfræðiáliti kemur fram að lítil

vafi leiki á um að gerningarnir séu riftanlegir þar sem umræddar skuldbindingar hafi verið greiddar fyrir gjalddaga og/eða ríkari trygging veitt fyrir eldri skuld. Af þeim sökum, og með tilliti til hagsmuna annarra kröfuhafa bankans, telur Fjármálaeftirlitið að þau innlán sem þannig hefur verið til stofnað verði að meðhöndlast sérstaklega.

Í ljósi framangreinds tekur Fjármálaeftirlitið því ákvörðun um ráðstöfun skuldbindinga Straums – Burðaráss fjárfestingabanka hf. til Íslandsbanka hf. svo sem nánar greinir hér að neðan.

#### ÁKVÖRÐUN:

1. Íslandsbanki hf. yfirtekur skuldbindingar Straums – Burðaráss fjárfestingabanka hf. á Íslandi vegna innlána í höfuðstöðvum bankans á Íslandi. Innstæður flytjast yfir miðað við stöðu og áunna vexti á yfirtökudegi, sbr. 5. tl. hér að neðan. Ekki er þörf á innköllun eða auglýsingu vegna þeirrar færslu. Allir skilmálar umræddra innlána um tímalengd, vaxtakjör, mynt o.þ.h. halda sér óbreytt gagnvart Íslandsbanka hf.
2. Íslandsbanki hf. yfirtekur þó ekki innlánaskuldbindingar Straums - Burðaráss fjárfestingabanka hf. sem stofnað hefur verið til með þeim hætti að kröfueigandi samkvæmt skuldabréfi og/eða öðru sambærilegu skuldaskjali hefur fengið kröfu sína greidda fyrir gjalddaga en á sama tíma hefur verið stofnað til innláns hjá Straumi – Burðarási fjárfestingabanka hf. Þá yfirtekur Íslandsbanki hf. heldur ekki peningamarkaðsinnlán frá fjármálafyrirtækjum sem kunna að eiga innlán hjá Straumi – Burðarás fjárfestingabanka hf. og eru aðilar að Tryggingasjóði innstæðueigenda og fjárfesta.
3. Straumur – Burðarás fjárfestingabanki gefur út skuldabréf sem endurgjald fyrir hinar yfirteknu innlánskuldbindingar, skv. 1. tl., sbr. 2. tl. Allar eignir Straums – Burðaráss fjárfestingabanka skulu veðsettar til tryggingar fyrir skuldabréfinu. Tryggja skal að vextir skuldabréfsins standi undir kostnaði og áhættu vegna þessa gjörnings og að hagsmunir veðhafans séu tryggðir með viðeigandi skilmálum í trygginga- og lánaskjölum.
4. Skilanefnd Straums – Burðaráss fjárfestingabanka hf. er falið að hrinda þessari ákvörðun í framkvæmd; staðreyna þau innlán sem falla undir gildissvið annars vegar 1. tl. og hins vegar 2. tl. þessarar ákvörðunar, útbúa þau skjöl sem nauðsynleg eru til að tryggja endurgjaldið samkvæmt 3. tl. og tryggingarréttindi sem því fylgja, og eftir atvikum hafa samráð við Íslandsbanka hf. um frágang þeirra.
5. Yfirfærsla innlána samkvæmt ofangreindu og útgáfa skulda- og tryggingarskjala skal fara fram eigi síðar en kl. 9.00 föstudaginn 20. mars 2009.
6. Engin vanefndaúræði viðsemjanda skulu taka gildi sem afleiðing af ákvörðun þessari.




Ákvörðun þessi byggir á fyrirliggjandi upplýsingum og gögnum. Reynist hún byggð á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik, forsendur ákvörðunarinnar bregðast verulega eða Fjármálaeftirlitið telur að önnur skipan mála sé nauðsynleg getur Fjármálaeftirlitið gert hvers konar breytingar á ákvörðun þessari, þ.m.t. að fella hana úr gildi í heild eða að hluta, eða fresta einstökum þáttum hennar.


Ákvörðun þessi var tekin af stjórn Fjármálaeftirlitsins og öðlast hún þegar gildi.

## FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

17. mars 2009



Gunnar Haraldsson  
Formaður stjórnar



Ragnar Hafliðason  
Forstjóri